

66. kirkjuþing 2024 - 2025

5. mál – þskj. 5a

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingar á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 11/2021 – 2022, með síðari breytingum.

Flm. Krístrún Heimisdóttir, Drífa Hjartardóttir, Steindór R. Haraldsson.

1. gr.

Við 2. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings bætist nýr málsl. svohljóðandi:

Þær taka einnig til allra sem sæti taka í nefndum, stjórnnum eða ráðum sem kirkjuþing kýs.

Fyrirsögn ákvæðisins verður: Sérstakt hæfi.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Forsætisnefnd flytur tillögu þessa.

Lagt er til að ákvæði II. kafla starfsreglna um þingsköp kirkjuþings um sérstakt hæfi gildi einnig um þá sem kosnir eru til trúnaðarstarfa af kirkjuþingi, t.d. í stjórn Þjóðkirkjunnar, kjaranefnd o.s.frv. Af breytingunni leiðir að breyta þarf fyrirsögn ákvæðisins.

Samþykkt tillögu þessarar felur ekki í sér kostnað fyrir Þjóðkirkjuna.